



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 27. nóvember 2020. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Tekið fyrir

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Lið er frestað til næsta fundar

2. Bókun vegna lánaþyrngreiðslu hjá Íslandsbanka

Framkvæmdastjóri leggur fram eftirfarandi bókun:

Vegna rekstraráætlunar SORPU bs. 2021-2025. Íslandsbanki hf. hefur samþykkt að framlengja yfirdráttarheimild samlagsins að upphæð 1.100 mkr. Yfirdráttarheimild mun framlengjast til 31.12.2021, og lánakjör og skilmálar haldast óbreyttir. Íslandsbanki hf. hefur jafnframt samþykkt að veita samlaginu nýtt lán allt að 300 mkr. árið 2021 til 10 ára, óverðtryggt.

Stjórn samþykkir framlengingu á yfirdráttarheimild hjá Íslandsbanka hf. að upphæð 1.100 mkr. og samþykkir lántöku að upphæð allt að 300 mkr. einnig hjá Íslandsbanka hf. Stjórn staðfestir umboð framkvæmdastjóra, frá 22. október 2020, til að ganga frá undirritun lánssamninga við Íslandsbanka hf. og tengdum skjölum í tengslum við þá. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að afla nauðsynlegra heimilda og ábyrgða frá eigendum SORPU bs.

3. Önnur mál

Engin önnur mál eru tekin fyrir

4. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn fimmtudaginn 3. desember klukkan 14:00

Fleira var ekki gert og fundi slitið 07:43